

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, Geiteyjarströnd 1.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. maí breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 15. apríl 2015.

Í breytingunni felst að landnotkunarreitur 352-O/V er stækkaður í 4,2 ha og þar gert ráð fyrir gistaðstöðu, ferðaþjónustu og íbúðarhúsum. Heildarbyggingarmagn verður allt að 1.800 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 6. maí 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2015